

**Magn af háprýstigufu og gas í gufu á
núverandi borsvæði í Kröflu**

Valgarður Stefánsson, Benedikt Steingrímsson

Greinargerð VS-BS-80/07

Magn af háprýstigufu og gas í gufu á núverandi borsvæði í Kröflu


Í "Greinargerð um staðsetningu á næstu borholum við Kröflu" eftir Valgarð Stefánsson dags. 1980-01-07, eru rakin þau rök sem liggja til grundvallar tillagna Orkustofnunar um staðsetningu á næstu borholum í Kröflu. Í ofanefndri greinargerð er einnig undirstrikað að ef stefnumörkun í gufuöflunarmálum sé fyrst og fremst sú að afla viðbótargufu fyrir veturinn 1980-81 verði að staðsetja slíkar holur á þeim hluta svæðisins sem er vel þekktur, þ.e.a.s. á núverandi borsvæði í Kröflu. Með tilliti til afls og vinnslueiginleika hola í Kröflu var hola 13 staðsett þannig að vonast er til að afl holunnar verði viðunandi og jafnframt tiltölulega lítið af gasi í gufunni.

Þegar svo Kröfluvirkjun óskaði eftir því að hola 15 yrði staðsett á núverandi borsvæði var ekki um aðra staði að ræða en í námunda við holur KJ-9 og KJ-13.

Til þess að setja fram á myndrænan hátt ástæður fyrir þessu staðarvali var meðfylgjandi mynd (F 19543) gerð. Þessi mynd sýnir hvernig dreifing er á gasi í gufu frá núverandi borholum á Kröflusvæði auk þess sem magn af háprýstigufu úr einstökum borholum er sýnt. Svo sem myndin ber með sér fer það saman á svæðinu við holur 9 og 13 að magn af gasi er lítið en magn af háprýstigufu tiltölulega hátt. Af þessum sökum er þetta svæði talið vænlegra en önnur ef borað er á núverandi vinnslusvæði.

KRÖFLUSVÆÐI

Magn af hábrýstiguflu og gas í guflu



'80.05.16 V.S./A.Á

Krafía F.19543